

Umsögn

Tillaga til þingsályktunar um fjölda starfa í vígðri þjónustu þjóðkirkjunnar, sbr. einnig fylgiskjal.

Eftir að hafa lesið bæði tillöguna til þingsályktunar og fylgiskjalið er ég mjög hugsí. Stórum hluta sparnaðarmarkmiða má koma til leiðar með mjög einföldum hætti og án þess að skerða prestsþjónustuna við fólkið í landinu. **Nú er verið að búa til kirkjuskipan með þunga yfirbyggingu og léttbyggðar undirstöður. Slík kirkja mun að sjálfsögðu aldrei lifa!** Bendi ég á eftirfarandi í því sambandi:

1. Í nokkrum tilvikum eru gert ráð fyrir að prófastsembætti verði sjálfstæð embætti. Og vel að merkja, í gegnum árin hafa prófastar verið starfandi prestar með hæfilega aukapóknun til viðbótar við prestslaunin. Nú þegar búið er að hækka laun prófaste verulega með því að setja þá í launafokka nokkrum þrepum ofar en presta, sem alment hafa nú verið lækkaðir í launum, og veita þeim aukaeiningar í bónus, kemur fram tillaga um að setja jafnvel suma þeirra í sjálfstæð prófastsembætti. Þó prófastar hafi alla tíð gegnt nokkrum verkefnum auk prestsþjónustunnar er engan veginn hægt að réttlæta þá rausn að gera þá að sjálfstæðum starfsmönnum. Rætt er um að þeir eigi að fá aukin verkefni og það réttlæti þessa rausn. Ég fullyrði að það fóður til réttlætningar ofrausninni er síðari tíma tillegg til að réttlæta alveg nýja röðun þeirra í launaflokka.
2. Um vígslubiskupsembætti hefur kirkjan aldrei beðið. Framan af síðustu öld voru tveir prestar kallaðir vígslubiskupar. Annars voru þeir venjulegir sóknarprestar. Það var innlegg í sjálfstæðisbaráttuna og einnig til sparnaðar, að prestar þyrftu ekki að fara utan til að fá biskupsvígslu. Með lögunum nr. 62/1990 setti þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra inn sögurómantískt ákvæði í frumvarpið um að frá gilditöku laganna ættu vígslubiskupar að sitja á hinum fornu stólum. Þá var rætt um að þeir ættu að sinna almennri prestsþjónustu. Allir sem að málinu komu vissu að engin þörf var fyrir vígslubiskupa. Áhugi hafði verið fyrir að skipta landinu upp í þrjú biskupsdæmi. Þeirri hugmynd hafnaði ráðherra með þeim orðum að Íslendingar vildu bara hafa biskup Íslands. En til sárabóta lenti hann málinu með þessum hætti. Ég var einn þeirra sem hlustaði á hann skýra þetta mál. Þegar síðasti vígslubiskup í Skálholti kynnti sig á fundi fyrir kjörmenn kom m.a. sú réttlætning fyrir nauðsyn embættissins að hann þyrfti að vera e.k. húsvörður og umsjónarmaður fasteigna. Sannleikurinn er hins vegar að um þau mál sér allt annar starfsmaður kirkjunnar. Skýringar á tilverurétti embættissins hafa alltaf verið vandræðalegar og handahófskenndar. Kostnaður við að reka vígslubiskupsembættin er mikill. Miðað við tölur sem ég fékk fyrir 2018/2019 bendir margt til þess að núna sé kostnaðurinn um 80 milljónir. Þennan kostnað má spara og á að spara.

Samtals hygg ég að spara megi nálægt **100 milljónum með því að leggja niður vígslubiskupsembættin og sérstök embætti prófaste**. Það er verulegur hluti þeirra 180-190 milljóna sem ætlunin er að spara að þessu sinni.

Þegar og ef kirkjuþingsfulltrúar skoða sundurliðaða kostnaðarliði fyrir rekstur kirkjunnar skora ég á þá að láta ekki staðar numið við það sem sýnt verður. Þegar ég skoðaði þennan kostnað kom í ljós að stórir rekstrarliðir voru faldir undir öðrum liðum!

3. Eftir lestur um niðurskurður í hópi sérþjónustupresta sannfærðist ég endanlega um að engin skoðun hefur farið fram á dýrmætum störfum sérþjónustupresta. Sérþjónustunni er haldið gangandi af sérfræðimenntuðu fólki sem með störfum sínum eykur hróður kirkjunnar, treystir hana í sessi og eykur tiltrú á meðal almennings í þessu landi. Margir vildu geta státað sig af því að hafa slíkt fólk og slíka sérfræðipækkingu innan sinna vébanda. Þessar tillögur eru glórulausar og byggja ekki á neinu viti um það sem kirkjan er í raun og sann að gera og á því sem gefur henni raunverulega þyngd.

Kristinn Ágúst Friðfinnsson